

### 13. FUNDARGERÐ STJÓRNAR HUNDARÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS STARFSÁRIÐ 2017-2018

Þriðjudaginn 27. febrúar 2018 kl. 17.00 var haldinn 13. fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands. Fundurinn var haldinn að skrifstofu félagsins að Síðumúla.

Mætt voru: Herdís Hallmarsdóttir formaður, Auður Sif Sigurgeirsdóttir ritari, Daníel Örn Hinriksson varaformaður, Pétur Alan Guðmundsson gjaldkeri og Guðbjörg Guðmundsdóttir varamaður.

Guðný Rut Isaksen verkefnastjóri var á fundinum.

Auður Sif Sigurgeirsdóttir ritaði fundinn.

#### 1. Skipun þriggja manna kjörstjórnar fyrir aðalfund HRFÍ

Ari Karlsson, Jónas Fr. Jónasson og Erna Sigríður Ómarsdóttir munu sitja í kjörstjórn. Guðný Rut Isaksen mun verða starfsmaður kjörstjórnar.

#### 2. Verkefnalisti stjórnar

Farið var yfir brýnustu verkefni sem eru á lista stjórnar og tímamörk sett.

1. Tölvumál – beðið er eftir svari frá DKK varðandi aðgang að tölvukerfi þeirra
2. Húsnæðismál – þarfagreining verður bráðum tilbúin og þá verða tekin næstu skref
3. Afmælisárið 2019 – fyrsti fundur afmælisnefndarinnar á dagskrá á næstunni
4. ÍSÍ – beðið er eftir svari varðandi fund með framkvæmdastjóra ÍSÍ varðandi inngöngu í samtökin – vonandi um miðjan mars
5. Umbunarkerfi – ýmsar hugmyndir komnar fram sem þarf að vinna úr og útfæra
6. Reglur um nám veiðiprófsdómara í tegundahópi 7

Herdís fór yfir stöðuna sem er sú að Svafar fundaði aftur með fulltrúum deildanna og í framhaldi þess fundar fóru þau yfir athugasemdir. Þau eru klár með tillögur sem þau kynntu fyrir stjórn. Stjórn samþykkti að senda bréf byggt á tillögnum vegna mögulegs samstarfs við NKK og reynda veiðiprófsdómara NKK.

Fundi slitið kl. 19.30.

*Auður Sif Sigurgeirsdóttir*  
*Daníel Örn Hinriksson*  
*Pétur Alan Guðmundsson*  
*Guðbjörg Guðmundsdóttir*  
*Herdís Hallmarsdóttir*